EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3344

Rekstraraðili Gallon ehf. kt: 6309212280	**Tegund starfsemi** Olíubirgðarstöðvar	**Starfsleyfisnúmer:** **Gildistími starfsleyfis**
Starfsstöð Örfirisey	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 16.10.2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0143	**Eftirlitsmaður** Kristín Kröyer	**Útgáfudagur skýrslu** 6. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Þórður Guðjónsson	Forstjóri
Sigurður Örn Önnuson	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram níu ný frávik er varða gagnaskil og varúðarráðstafanir.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 16. október 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits
Þegar eftirlitið fór fram var ekkert frávik opið frá fyrra eftirliti. En ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti um að skila þyrfti umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí 2026.

Rekstrarhandbók
Farið var yfir rekstrarhandbókina í eftirlitinu.

Olíuskilja
Rekstraraðili hafði, þegar eftirlitið fór fram, ekki skilað upplýsingum til stofnunarinnar varðandi olíuskiljurnar á svæðinu. Beiðni um gögn var send þann 7. apríl 2026 og aftur þann 13. október 2026, þegar eftirlitið var boðað. Þar sem gögnum sem þarf fyrir eftirlitið hefur ekki verið skilað er um frávik að ræða.
Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili er að vinna í að klára að fylla í upplýsingarnar um skiljurnar. Rekstraraðili sendi inn upplýsingar um skilju 1 og skilju 7 þann 19. október 2026. Þar sem á svæðinu eru fleiri skiljur telst frávikinu ekki lokið fyrr en rekstraraðili hefur skilað upplýsingum um allar skiljur rekstraraðila á svæðinu.

Þrýstiprófanir
Samkvæmt þeim listum sem stofnunin á um lagnir í stöðinni hafa ekki borist niðurstöður vegna þrýstiprófana á lögn P101225 síðan 2018. Í eftirlitinu kom fram að þessi lögn var löndunarlögn fyrir svartolíu sem er ekki lengur í notkun, búið að tæma, hreinsa og blinda hana.

Þykktarmælingar
Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar eru í stöðinni 14 olíugeymar. Af þessum geymum hefur einn geymir (B209) ekki verið þykktarmældur síðustu tíu árin. Í eftirlitinu kom fram að geymirinn hefur verið tekinn úr notkun en ekki blindaður né fjarlægður. Geymirinn er staðsettur inni í bensínþrónni og ekki hefur verið hægt að rífa hann þar sem það þarf að sjóða hann í sundur og því um frávik að ræða. Samkvæmt 28. gr. reglugerðar 884/2017 um olíumengun frá starfsemi á landi, getur eftirlitsaðili, ef ríkar ástæður liggja að baki, heimilað að gengið sé frá olíugeymum, ásamt lögnum honum tengdum, á staðnum. Rekstraraðili hefur ekki sótt um slíkt leyfi.

Þar að auki á, samkvæmt upplýsingum eftirlitsaðila, að þykktarmæla tvo geyma, (B203 og B204) árið 2026 og einn geymi (B212) á að þykktarmæla árið 2027.
Rekstraraðili skilaði þykktarmælingarskýrslu fyrir geymi B203 þann 19. október 2026 en þykktarmælingin fór fram í desember 2025. Samkvæmt skýrslunni mældist minnsta efnisþykkt 2,6 mm (í plötu 16) sem er frávik.
Ekki hafa borist skýrslur fyrir geyma B204 og B212.

Trygging vegna bráðamengunar
Tryggingaskírteini skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda var til staðar í eftirlitinu.

Umhverfisupplýsingar
Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust stofnuninni þann 15. október 2026 sem er of seint og því frávik.

Vettvangsferð
Á svæði rekstraraðila eru bambar sem í er safnað olíusýnum, án árekstrarvarna sem er frávik.
Engar merkingar voru sýnilegar á olíugeymunum sem er frávik.
Skilja 3 er ekki með sjálfvirkum loka sem er frávik og skilja 7 er með handvirkum loka sem er hafður í opinni stöðu sem frávik.

Annað

Rekstraraðili gat ekki framvísað öryggisblöðum fyrir slökkvifroðu sem geymd er á svæðinu sem er frávik. Rekstraraðili sendi inn öryggisblað fyrir slökkvifroðuna 19. október 2026 og er frávikinu því lokað. Eftirlitsaðili bendir á að öryggisblaðið er síðan 2005 sem er í lagi sé efnið sem geymt er í stöðinni svo gamalt. Að öðrum kosti þarf að uppfæra öryggisblaðið.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.12 í starfsleyfi	Frávik skráð: 16.10.2026 Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. *Rekstraraðili gat ekki framvísað öryggisblaði fyrir slökkvifroðu í eftirlitinu.* *Rekstraraðili sendi inn öryggisblað þann 19. október 2026.*	Lokað
gr. 15 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16.10.2026 Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar, *Loki skal vera á olíulögninni á milli lekavarnar og olíuskilju. Sé ekki sjálfvirkur lokunarbúnaður skal lokinn ávallt vera lokaður þegar ekki er verið að tæma lekavörnina.* *Skilja 7 er með handvirkum loka sem hafður er í opinni stöðu.*	Opið
gr. 15 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16.10.2026 Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar, *Loki skal vera á olíulögninni á milli lekavarnar og olíuskilju. Sé ekki sjálfvirkur lokunarbúnaður skal lokinn ávallt vera lokaður þegar ekki er verið að tæma lekavörnina.* *Skilja 3 er ekki með sjálfvirkum loka.*	Opið

mgr. 5. gr. 8 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16.10.2026 Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. *Geymar í olíubirgðastöðvum skulu merktir í samræmi við ákvæði í viðauka I (í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi)* *Geymar hafa verið merktir skv. Reglugerð.*	Lokað
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16.10.2026 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma *Bambar með olíu voru án fullnægjandi árekstrarvarna.* *Bambar hafa verið fjarlægðir.*	Lokað
gr. 28 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16.10.2026 Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum. *Lengra en sex mánuðir eru frá því að olíugeymir B209 var tekinn úr notkun án þess að hann hafi verið rifinn.*	Opið
mgr. 3, gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávik skráð: 16.10.2026 Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar *Rekstraraðili hefur ekki skilað til eftirlitsaðila, upplýsingum um olíuskiljur á svæðinu .* *Upplýsingum um skiljur hefur verið skilað.*	Lokað
mgr. 3., gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávik skráð: 16.10.2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust stofnuninni 15. október 2026.*	Lokað

gr. 24 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávik skráð: 16.10.2026 Sé efnisþykkt olíugeymis innan við helmingur upprunalegrar efnisþykktar eða undir 3 mm skal gert við tæringu *Minnsta efnisþykkt plötu 16 í geymi B203 mældist 2,6 mm í þykktarmælingu árið 2025.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.